

Fundargerð

Íþrótt- og tómstundanefnd - 262. fundur

haldinn í Lóninu Linnetsstíg 3,
17. janúar 2018 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Birta Guðný Árnadóttir fulltrúi Ungmennaráðs sat fundinn.

Dagskrá:

1. 1611074 - Kynjajafnrétti í íþróttum

Íþróttfulltrúi kynnti stöðuna varðandi vinnu við úttekt á kynjajafnrétti í íþróttum. Öll félög hafa skilað inn sem leitað var til, vinnu við skýrsluna er að ljúka.

Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar fagnar ákvörðun KSÍ að jafna greiðslur til landsliðsmanna.

Varðandi umræðu í samfélaginu og gögn kvenna um kynferðislegt ofbeldi í íþróttum, bókar ÍTH nefndin að kynferðislegt ofbeldi og annað ofbeldi eigi ekki að líðast. Íþrótt- og tómstundafulltrúa er falið að kalla eftir stefnum og verklagsreglum allra íþróttafélaga í Hafnarfirði er lúta að ofbeldi/einelti, viðbrögðum og forvörnum til að skoða og vinna með ÍBH að samræmdum árangursríkum forvörnum og verklagsreglum gegn ofbeldi.

Hafnarfjarðarbær hefur unnið að fræðslu fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar sem starfa með börnum og unglingum sem kallast Verndari barna og hafa hátt í 1000 starfsmenn sótt þá fræðslu. Þessum námskeiðum stendur þjálfurum og stjórnendum íþróttafélaga til boða.

7. 1704040 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2018 og 2019-2021

Lagt fram svar við einum lið af athugasemdum minnihlutans vegna fjárhagsáætlunar 2018 um framtíðaruppbyggingu í íþrótt- og tómstundamálum.

5. 1711372 - Snorraverkefnið, stuðningur sumarið 2018

ÍTH mun ekki taka þátt í verkefninu.

4. 1712172 - Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, fundargerðir 2017-2018

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 363 og 364 nefndar um skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.

8. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Birta fór yfir síðustu fundargerð Ungmennaráðs Hafnarfjarðar frá 9. janúar sl.

9. 1510105 - ÍBH, fundargerð

Framkvæmdastjóri ÍBH fór yfir síðustu fundargerð bandalagsins.

2. 1702253 - Róló

Lögð fram til greinargerð starfsmanna fræðslu- og frístundþjónustu varðandi Róló.

Róló uppfyllir ekki í dag gæðaviðmið fræðslu- og frístundþjónustunnar. Annað hvort þarf að hætta starfsemi eða auka umtalsvert við gæði þjónustunnar.

3. 1709448 - Þjónustu- og rekstrarsamningur við Brettafélag Hafnarfjarðar

Lagður fram samningur við Brettafélag Hafnarfjarðar en í fyrra breyttist félagið úr því að vera tómstundafélag í að vera íþróttafélag og aðili að íþróttabandalagi Hafnarfjarðar. Í kjölfar þess voru gerðir nýir samningar við félagið sambærilegir þeim sem eru í gildi við önnur íþróttafélög, um er að ræða þjónustuasamning og rekstrarsamning.

Samningar samþykktir af hálfu ÍTH og vísað til samþykktar í fræðsluráði.

6. 1801151 - Frístundastyrkur yfirlit 2017

Til fundarins mætti Andri Ómarsson sérfræðingur á stjórnsýslusviði og kynnti tölfraði vegna frístundastyrks Hafnarfjarðar fyrir börn 6-18 ára fyrir árið 2017.

Kynnt drög að reglur varðandi frístundastyrkinn en upphæðir og viðmið breyttust um síðustu áramót.

Lagt er til að heimila unglingum að nýta frístundastyrkinn til að niðurgreiða líkamsræktarkort eða ígildi þeirra frá áramótum þegar þau verða 16 ára.

Erindi hefur borist frá Pólska skólanum um að nemendur fái heimild til að nota frístundastyrkinn til að niðurgreiða tungumálanám.

Andra er þökkun kynningin.

Tungumálanám er ekki frístundastarf en hins vegar er mikilvægt að hlúa að móðurmálskennslu allra. Því er fræðsluráð hvatt til að taka upp umræðu um stuðning við nemendur af erlendu bergi til að læra móðurmál sitt í grunnskóla eða í frítíma sínum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.

Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir
(n)

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)
